

Lokaverkefni til B.Ed. -prófs

„Trén eru að dansa í rokinu“
Að læra um umhverfi sitt Elliðaárdalinn

Valgerður Jóna Oddsdóttir

QuickTime™ and a
TIFF (Uncompressed) decompressor
are needed to see this picture.

Kennaraháskóli Íslands
Leikskólabraut
Maí 2007

Lokaverkefni til B.Ed. -prófs

„Trén eru að dansa í rokinu“

Að læra um umhverfi sitt Elliðaárdalinn

Valgerður Jóna Oddsdóttir

220569-2929

Kennaraháskóli Íslands
Leikskólabraut
Maí 2007

Ágrip

Tilgangur þessa verkefnis var að athuga hvernig nota mætti bókina *Elldárdalur* eftir Gyðu Sigvaldadóttur í starfi með börnum þannig að börnin læri um umhverfi sitt. Ýmis verkefni voru skipulögð í tengslum við söguna og tóku 8 börn í elsta árgangi leikskóla í nágrenni dalsins þátt í þeim í mars 2007.

Til gagnaöflunar voru gerðar þátttökuathuganir, ljósmyndir voru teknar, samræður og mat barnanna á verkefnunum voru teknar upp á upptökutæki, gerð var viðhorfskönnun meðal foreldra og einnig voru skráðar lýsingar á vettvangsferðum og verkefnum sem börnin unnu.

Í ljós kom að bókin er góð kveikja til náttúruskoðunar og umræðu um hvernig var umhorfs á þeim tíma sem Breiðholtið var að byrja að byggjast upp. Einnig er bókin góður umræðugrundvöllur til að viðhalda íslenskri sagnahefð um álfa. Þekking barnanna á umhverfi sínu jókst eftir vettvangsferðirnar samkvæmt því sem skráð var á þekkingarvef í upphafi og að rannsókn lokinni.

Efnisyfirlit

<i>Myndayfirlit</i>	5
<i>Fylgiskjalaskrá</i>	5
<i>Inngangur</i>	6
<i>Kenningar um hvernig börn læra</i>	6
Piaget- hugsmíðahyggja	6
Dewey-framfarastefna.....	6
Vygotsky- félagsleg menningartengsl	7
Gardner- fjölgreindarkenningin	8
<i>Leiðir í kennslu</i>	9
Könnunaraðferð	9
Kennsluáferðir til að efla umhverfisgreind	9
<i>Verkefni um Elliðaárdalinn fyrir leikskólabörn</i>	11
Skipulag verkefnis	11
Þátttakendur	11
Vettvangur	12
Gagnasöfnun	12
Bókin Elliðaárdalur eftir Gyðu Sigvaldadóttur.....	12
<i>Lýsing á ferðunum</i>	14
Fyrsta ferð.....	14
Önnur ferð.....	18
Þriðja ferð	20
Fjórða ferð.....	22
Umræða	27
<i>Lokaorð</i>	31
<i>Heimildaskrá</i>	32

Myndayfirlit

Mynd 1. Krossgötur.....	15
Mynd 2. Skynjun.....	15
Mynd 3. Bragð.....	15
Mynd 4. Í Indíánahelli.....	16
Mynd 5. Greinarnar gróðursettar.....	18
Mynd 6. Veidimenn.....	19
Mynd 7. Lækurinn.....	21
Mynd 8. Steinninn og bókin.....	23
Mynd 9. Gestaboð 40 árum síðar.....	24
Mynd 10. Vefurinn.....	25
Mynd 11. Bókagerð.....	26

Fylgiskjalaskrá

Fylgiskjal 1	34
Fylgiskjal 2	35
Fylgiskjal 3	36
Fylgiskjal 4	37

Inngangur

Útivera og hreyfing eru mikilvægir þættir í leikskólastarfi. Að börnin kynnist nánasta umhverfi sínu og öðlist jákvæða tilfinningu fyrir náttúrunni er einnig stór þáttur í góðu uppeldisstarfi. Það er mikilvægt að börn fái tækifæri til að vera úti í ósnortinni náttúrunni. Í *Aðalnámskrá leikskóla* (1999:26-27) er talað um mikilvægi þess að barnið kynnist náttúrunni og læri að njóta hennar. Með því gæti virðing og ábyrgðarkennd gagnvart náttúrunni aukist hjá börnunum.

Kveikjan að ritgerðarefni mínu var saga um Elliðaárdalinn og álfastein sem Gyða Sigvaldadóttir fyrrverandi leikskólastjóri skrifaði fyrir börn í leikskóla í Breiðholti. Ég kynntist Gyðu Sigvaldadóttur á árunum 1997-1999. Hún er einn af íslenskum brautryðjendum í uppeldis- og menntamálum. Í starfi sínu sem leikskólakennari lagði Gyða mikla áherslu á íslenskt mál og skipulagðar ferðir með börn út fyrir leikskólalóðina. Hún taldi mikilvægt að öll börn finndu einhvern stað sem væri fallegur og að þau kynntust því hvað væri lifandi í náttúrunni og hvað þyrfti að vernda (Börkur Hansen, Jóhanna Einarsdóttir og Ólafur H. Jóhannsson, 2004:64).

Ég ákvað að myndskreyta söguna *Elliðaárdalur* vegna áhuga míns á myndskreytingu barnabóka. Við myndskreytinguna hafði ég í huga að myndirnar drægju ekki athyglina frá sögunni. Áður en ég vann myndirnar voru börn í leikskólanum beðin um að teikna myndir í tengslum við söguna og út frá hugmyndum barnanna urðu myndirnar til. Áhersla var lögð á að myndirnar myndu ýta undir hugmyndaflug barna frekar en að þær segðu alla söguna. Dæmi um það er að ekki sjást andlit á persónum.

Bókin varð til á prenti árið 2000, í tilefni af 20 ára afmæli Fálkaborgar og til heiðurs Gyðu sem var fyrsti leikskólastjóri leikskólans. Bókin hefur ekki verið gefin út, en er til í nokkrum eintökum í leikskólanum.

Margar álfasögur má finna í þjóðsögum Íslendinga. Sögur um álfa eru hluti af íslenskri sagnahefð og ríkur þáttur í menningu okkar Íslendinga. Álfasögur eru oft trúverðugar vegna þess að þar segir fólk frá eigin reynslu og upplifun á atburðinum. Uppruni álfasagna eru ein grein goðfræðisagna, í goðafræðinni er sagt frá álfum og dvergum sem eiga uppruna sinn í jörðu eða á himni (Ólína Þorvarðardóttir, 1995:8-9).

Í þessu lokaverkefni sæki ég í brunn fyrri reynslu þegar ég skoða hvernig hægt er að nota bókina *Elliðaárdalur* í leikskólastarfi. Gerð var athugun á því hvernig

mætti kynna börnum í Breiðholti umhverfi sitt með hjálp sögunnar. Aðaláherslan í vinnu með börnunum fólst í því að nýta efni sögunnar í vettvangsferðum með leikskólabörnum í Elliðaárdal. Athugað var hvað vakti athygli barnanna í ferðunum og hvort börnin tengdu saman efni bókarinnar og umhverfið í Elliðaárdalnum.

Í ritgerðinni eru kynntar nokkrar kenningar manna um það hvernig börn læra og sagt frá könnunaraðferðinni (e. *Project Approach*) og kennsluáðferðum til að efla umhverfisgreind samkvæmt kenningum Gardners. Þá er vettvangsferðunum lýst svo og verkefnum sem unnin voru með börnum í leikskóla og að lokum ræði ég um hvernig ferðirnar og verkefni nýtast börnunum til að kynnast umhverfi sínu nánar.

Kenningar um hvernig börn læra

Í þessum hluta ritgerðarinnar verður gert grein fyrir nokkrum kenningum um hvernig börn læra.

Piaget- hugsmiðahyggja

Svissneski fræðimaðurinn Jean Piaget var áhrifamaður í þróunarsálarfræði og kenningar hans hafa enn áhrif á viðhorf okkar til þess hvernig börn læra. Sú kenning sem Piaget er einna þekktastur fyrir er vitþroskakeningin. Samkvæmt henni má skýra þroska barns út frá meðfæddum eiginleikum og vitsmunalegu ferli. Hann skiptir þroska barnsins í þroskastig og hvernig börn eru ekki fær um að framkvæma ákveðin verkefni fyrr en þau hafa náð ákveðnum aldri. Samkvæmt kenningum Piagets hafa börn á leikskólaaldri takmarkaða getu til óhlutbundinnar hugsunar. Piaget sagði að börn lærðu hlutina betur með því að prófa og gera hlutina sjálf. Það byggist á því að barnið uppgötvar sjálft hlutina með því að fást við þá. Það sé börnum eðlislægt að vera sífellt að kanna umhverfið á sínum forsendum (Charles, 1981:1-4).

Piaget lýsir í kenningum sínum hvernig barnið lærir í gegnum *aðlögun* (*e. adaptation*). Það eru tvær hliðar á aðlögun samkvæmt Piaget; *samlögun* (*e. assimilation*) og *aðhæfing* (*e. accommodation*). Í *samlögun* aðlagar barnið það sem það sér eða heyrir (nýja þekkingu) að sínum fyrri hugmyndum og túlkar þá skynjun sína þannig að hún passi við hugarheim sinn. Í *aðhæfingu* aðlagar barnið hins vegar sínar fyrri hugmyndir eða þekkingu að því sem það sér eða heyrir og breytir þannig hugarheimi sínum. *Samlögun* og *aðhæfing* haldast í hendur og eru bæði hluti af lærdómsferli barnsins (Indriði Gíslason og Ingibjörg Ýr Pálmadóttir, 1983:180-184).

Dewey-framfarastefna

John Dewey var amerískur heimspekingur, sálfræðingur og kennslufræðingur. Dewey sagði að börn lærðu best með því að gera hlutina sjálf (*e. learning by doing*). Hann taldi að það væri mikilvægt að þjálfra góðar hugsanavenjur hjá börnum. Skólastarf ætti að byggjast á hugmyndum, tilgátum, tilraunum og vísindalegum hugsanahætti. Kennarinn þarf því vekja forvitni barnsins og stuðla að flæði í hugsun þess. Sem dæmi talaði Dewey um að það væri hvorki góð kennsluáferð að þagga niður í börnum ef þau spyrðu spurninga, né að láta þau læra eitthvað utanbókar. Vænlegra

væri að nemendur fengju verkefni sem knýðu þá til að horfa fram á við og sjá fyrir sér hvað gæti gerst. Nýjar spurningar myndu þá vakna og hugmyndir um ný viðfangsefni spretta upp hjá nemandanum (Dewey, 2000:96-97). Dewey sagði að hugsunin gerði það að verkum að við gætum stjórnað athöfnum okkar og gætum sett okkur markmið. Við gætum hegðað okkur á markvissan og yfirvegaðan hátt til að ná framtíðarmarkmiðum okkar (Dewey, 2000:57).

Barnið er virkur aðili í þroska sínum og lærir með því að nota þá þekkingu sem það hefur þegar áunnið sér til að læra meira í samvirkni við umhverfið. Sérhver reynsla hefur mismunandi áhrif á hvern einstakling. Góð tengsl barnsins við foreldra sína og systkini eru mikilvæg (Dewey, 2000:16).

Vygotsky- félagsleg menningartengsl

Lev Vygotsky var rússneskur sálfræðingur. Megin áhrifaþættir í kenningum hans um vitsmunapróska er samspil samskipta og tungumáls. Hann taldi leikinn vera þá aðferð sem börn lærðu mest af. Vygotsky sagði að leikurinn örvaði skapandi hugsun, vitræna og félagslega hæfileika og ýtti undir líkamlega getu. Hann sagði að sambland sjálfsprottins leiks og skipulagðs náms væri besta leiðin til að ýta undir sjálfstæði og góða sjálfsmýnd (Brown, 2002:51-70).

Grunnforsenda kenninga Vygotskys er að möguleikinn til að þroskast eigi rætur að rekja til félagslegra og menningarlegra aðstæðna. Vygotsky lagði áherslu á að til að skilja þroska einstaklings þá væri nauðsynlegt að skilja það félagslega samhengi sem einstaklingurinn væri hluti af (Berk og Winsler, 1995:12). Samkvæmt kenningum Vygotskys er nám ríkjandi þáttur í þroska og leiðir hann áfram þegar barnið fær leiðbeiningar frá reynslumeiri aðilum við verkefni sem liggja nálægt þroskasvæði þeirra (e. *zone of proximal development*). Leiðbeiningarnar geta komið frá einhverjum fullorðnum eða reynslumeiri nemendum. Það leiðir til þess að virkt barn og virkt félagslegt umhverfi vinna saman og ýta undir þroska (Berk og Winsler, 1995:100-101).

Vygotsky skilgreindi það sem hann kallaði svæði raunverulegs þroska (e. *zone of actual development*) sem þann þroska sem barnið byggir þegar yfir og svæði óráðins þroska (e. *zone of proximal development*) sem þann þroska sem barnið gæti öðlast ef það fengi réttan stuðning. Það sem hann nefndi svæði óráðins þroska er líka kallað

„þroskasvæðið”. Þannig að þroskasvæðið er munurinn á því sem barnið getur gert eitt eða með hjálp og stuðningi frá öðrum (Meyvant Þórólfsson, 2003).

Gardner- fjölgreindarkennningin

Howard Gardner er bandarískur sálfræðingur. Gardner hefur gagnrýnt hefðbundnar aðferðir við að mæla greind, hann telur að vestræn menning skilgreini greind of þröngt og leggi aðaláherslu á málgreind og rökgreind. Í bókinni *Frames of Mind* (1983) setti Gardner fram hugmyndir sínar um sjö grunngreindir. Síðar bætti hann áttundu greindinni við. Með þessu vildi hann víkka út skilning á mannlegum möguleika sem næði út fyrir hefðbundna skilgreiningu á greindarvísitölu sem mældi aðeins mál- og rökgreind og væri of takmörkuð.

Fjölgreindirnar eru samkvæmt skilgreiningu Gardners; málgreind, rök- og stærðfræðigreind, rýmisgreind, líkams- og hreyfigreind, tónlistargreind, samskiptagreind, sjálfsþekkingargreind og umhverfisgreind. Gardner telur að greindirnar verði virkar þegar barnið er örvað á tilteknu sviði, t.d. ef barn er örvað á tónlistarsviði þá eru meiri líkur á að barn verði greint á tónlistarsviði (Armstrong, 2000:13-19).

Leiðir í kennslu

Við skipulagningu á verkefninu sem unnið var með börnunum í tengslum við bókina *Ellíðaárdalur* leitaði ég helst til leiða sem væru líklegar til að efla umhverfisgreind og einnig til kennsluhátta könnunaraðferðar. Í könnunaraðferð er áhersla lögð á að kennarinn sé ekki búin að ákveða fyrirfram hvernig börnin vinna úr viðfangsefninu og að þau fái einnig að koma að þeirri ákvörðun. Það átti mjög vel við í þessu tilfelli þar sem ég var að athuga hvaða viðbrögð sagan um Ellíðaárdalinn og vettvangur sögunnar kölluðu fram hjá börnunum.

Könnunaraðferð

Könnunaraðferðin (*e. Project Approach*) er kennsluáðferð sem byggir á hópavinnu með börnum. Tekið er fyrir ákveðið viðfangsefni og áhugi og þekking barnanna látin ráða ferðinni að mestu leyti.

Verkefnavinnan skiptist í þrjá hluta. Í fyrsta hlutanum er upphaf, þar er t.d. lesin bók, myndir eða hlutir skoðaðir sem vekja áhuga barnanna. Kennarinn spyr opinna spurninga til að fá fram hugmyndir barnanna um viðfangsefnið sem síðan eru skráðar á svokallaðan þekkingarvef. Í miðhlutanum er undirbúningur fyrir vettvangsferðir, ferðirnar sjálfar og úrvinnsla þeirra. Einnig er möguleiki að börnin hitti sérfræðinga. Hlutverk kennarans er að skipuleggja verkefnið og leiða það áfram á forsendum barnanna. Hann þarf að vera vakandi fyrir spurningum þeirra og ræða þær hugmyndir sem koma upp. Í síðasta hlutanum er nám barnanna gert sýnilegt, s.s. með myndverkasýningu, leiksýningu eða á einhvern annan hátt. Þá gæti niðurstaðan kveikt hugmynd að nýju verkefni eða viðfangsefni (Chard og Katz, 1990:80-85).

Kennsluáðferðir til að efla umhverfisgreind

Gardner telur mikilvægt að nálgast hvert viðfangsefni á margvíslegan hátt, þannig að komið sé til móts við mismunandi greindir hjá börnunum. Börn sem eru t.d. með góða tónlistargreind gætu lært margt um náttúruna með söngvum eða með því að nota náttúruna sem hljóðfæri. Í gönguferðum úti í náttúrunni má segja að þar sé hægt að dýpka skilning á öllum námssviðunum, sem eru skilgreind í *Aðalnámskrá leikskóla* (1999):

19-29). Kennsluaðferðir sem ýta undir umhverfisgreind samkvæmt kenningum Gardners eru á þá leið að það sé mikilvægt að fara út í náttúruna og færa efni úr náttúrunni inn í vinnuumhverfi barnanna. Gardner tekur sem dæmi að hafa plöntur í skólum þar sem það gefur tækifæri til að nota þær sem kennslutæki, s.s. tengt stærðfræði og náttúruvísindum. Það getur einnig haft mikið gildi fyrir börn að vera með gæludýr í skólanum, þar fá þau tækifæri á að læra að finna fyrir umhyggju gagnvart gæludýrum, kanna atferli dýranna og skoða stærð og vöxt dýranna. Einnig er hægt að kenna börnum mikið með því að horfa út um gluggann. Þau geta til dæmis gert veðurathuganir og skoðað fugla (Armstrong, T., 2001:76-78).

Verkefni um Elliðaárdalinn fyrir leikskólabörn

Í þessu verkefni var skoðað hvernig hægt væri að nota bókina *Elliðárdalur* eftir Gyðu Sigvaldadóttur í kennslu með börnum m.a. með því að fara í skipulagðar vettvangsferðir með hópi leikskólabarna í Elliðaárdal. Gerð var eigindleg rannsókn á því hvernig það sem gert var með börnunum virtist nýtast þeim til að kynnast umhverfi sínu betur.

Skipulag verkefnis

Ákveðið var að vinna með bókina *Elliðárdalur* í fjögur skipti. Í hvert skipti var skipulagið það sama, fyrst var undirbúningur, þá var farið í vettvangsferð og síðan unnið úr ferðinni. Verkefnið náði yfir tvær vikur þannig að tvær ferðir voru farnar í hvorri viku. Hver ferð tók um eina og hálf klukkustund með undirbúningi og var farin fyrir hádegi. Síðan var unnið úr ferðunum eftir hádegi sama dag, í um eina klukkustund.

Í verkefninu var könnunaraðferðin notuð að hluta og í tengslum við hana voru hugmyndir barnanna skráðar á stórt veggspjald þannig að þær mynduðu hugmyndavef. Börnin sáu hvernig hugmyndir þeirra voru skráðar niður og sáu hvernig bættist við hugmyndavefinn eftir því sem þau lærðu meira um viðfangsefnið.

Áhersla var lögð á að vera ekki með fyrirfram ákveðið skipulag um það hvað börnin ættu að gera í vettvangsferðunum, utan þess að beina athygli barnanna að því sem sagan fjallaði um, s.s. dýralíf, gróður og álfa. Miðað var að því að skoða hvar áhugi barnanna lægi í vettvangsferðunum. Börnin fengu að rannsaka umhverfi sitt á sínum forsendum og fengu tækifæri til að njóta þess að vera úti í náttúrunni.

Þátttakendur

Þátttakendur í verkefninu voru átta leikskólabörn; fimm stelpur og þrjár strákar öll á sjötta ári. Einn leikskólafarar maður tók þátt í vettvangsferðum barnanna ásamt mér. Auk barnanna var rætt við foreldra þeirra um verkefnið. Ég fékk skriflegt leyfi frá leikskólafararstjóra og foreldrum barnanna til að taka myndir af börnunum og gera skráningu á hugmyndum þeirra og verkum.

Vettvangur

Verkefnið með börnunum fór fram annars vegar í leikskóla þeirra og hinsvegar í vettfangsferðum í Elliðaárdal. Elliðaárdalur er í Reykjavík, hann er um 6 kílómetra langur og um einn og hálfur kílómetri að breidd. Gróðurfar er fjölbreytt og mikil skógrækt er til staðar. Nokkuð fjölbreytt dýralíf er í Elliðaárdalnum s.s. fuglar og fiskar (Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson, 1998:7-55). Elliðaárnar renna í gegnum dalinn og liggja litlar brýr yfir ána á nokkrum stöðum. Margir göngustígar liggja um svæðið sem er skjólsælt vegna hárra trjáa. Í dalnum eru bæði manngerð svæði til útivistar og ósnortin náttúra.

Gagnasöfnun

Í verkefninu var gerð eigindleg rannsókn á því hvernig það sem gert var með börnunum virtist nýtast þeim til að kynnast umhverfi sínu betur. Stuðst var við aðferðir þátttökuathugana við öflun gagna. Ég var þátttakandi í ferðum barnanna, undirbúningi þeirra og úrvinnslu. Hljóðupptökur voru gerðar af umræðum barnanna sem síðan voru afritaðar. Einnig voru teknar ljósmyndir í ferðunum og úrvinnslunni. Að auki voru eigin vangaveltur skráðar. Einnig var rætt óformlega við foreldra barnanna til að athuga hvort og þá hvernig börnin töluðu um verkefnið heima. Foreldrum var einnig sendur spurningalisti í sama tilgangi en aðeins eitt foreldri svaraði þeim lista.

Bókin Elliðaárdalur eftir Gyðu Sigvaldadóttur

Sagan Elliðaárdalur fjallar um hvernig umhorfs var í Breiðholtinu um 1970 áður en byggð hófst. Á þeim tíma voru örfá hús og lítil umferð. Það var fjölbreyttur gróður, árnar morandi af laxi og fuglar gerðu sér hreiður á árbakkanum. Álfir höfðust við á ánni og hændust að þeim sem gáfu þeim. En svo komu vinnuvélar til að grafa fyrir nýjum húsum, blokkum og raðhúsum. Sagan greinir frá systkinum sem höfðu tekið ástföstri við stóran stein, þau höfðu oft leikföng meðferðis og héldu gjarnan gestaboð hjá umræddum steini. Nú voru þau hrædd um að fólkið sem hafði keypt lóðina þar sem steinninn var, og ætlaði að byggja hús þar, myndi vilja fjarlægja hann. En svo varð ekki og börnin fengu að leika sér áfram við steinninn eins og áður. Móðir

barnanna sagðist hafa séð ljós í kringum steininn og börnin trúðu því fastlega að í steininum byggju álfar.

Lýsing á ferðunum

Fyrsta ferð

Undirbúningur fyrir ferðina fólst í að lesa hluta bókarinnar, *Elliðaárdalur*, ræða það sem þar stóð og teikna mynd af dalnum. Börnunum var sagt að Gyða sem gerði söguna hafi verið fyrsti leikskólastjórinn í leikskólanum þeirra og að ég hafi myndskreytt söguna. Börnin voru spurð að því hvað þau vissu um Elliðaárdalinn og voru svör þeirra skráð í hugmyndavef. Öll börnin tjáðu sig. Hugmyndir þeirra um Elliðaárdalinn voru eftirfarandi; „*foss, sex hundruð hús, vatn, pollur, langar spýtur, ljósastaur, margar búdir, gras, þrjár brýr og tré*“. Einnig kom fram að dalurinn væri „*langt í burtu*“ og að hjá fossinum væru „*spýtur svo fossinn renni ekki útaf*“. Börnin virtust dálítið óörugg í fyrstu og sögðu að þau vissu ekki hvar Elliðaárdalurinn væri, en í lokin sögðust þau öll hafa farið í Elliðaárdalinn, nema eitt þeirra. Börnin teiknuðu mynd af Elliðaárdalnum og nokkur börn teiknuðu mynd af trébrú. Ein stúlka sagði að á myndinni sinni væri „*sólin, skýin og bærinn*“ og önnur stúlka sagði að á sinni mynd væri „*pínulítill regnbogi*“.

Í vettfangsferðirnar hafði ég meðferðis bakpoka og í honum voru plastpokar til að geyma áhugavert efni sem börnin vildu taka með sér, ávextir í nesti, myndavél og stafrænt upptökutæki. Starfsmenn leikskóladeildar barnanna vissu með fyrirvara hvenær þessi verkefni voru framkvæmd og foreldrar voru látnir vita af ferðunum daginn áður.

Til að komast niður í Elliðaárdal þurfti að ganga undir stóra brú. Þar var stoppað og athygli barnanna beint að því hvaða hljóð þau heyrðu. Þau sögðust heyra í bílum og flugvél. Þeim þótti gaman að öskra þarna því hljóðin þeirra bergmáluðu. Þegar hópurinn fór að nálgast Elliðaárdalinn var rifjað upp hvaða dýr væru í sögunni þ.e. álf og aðrir fuglar. Voru börnin beðin um að fylgjast með hvort þau sæju dýr í Elliðaárdalnum. Einnig kom fram í bókinni að gróðurinn væri litskrúðugur og var börnunum bent á að fylgjast með litunum í gróðrinum.

Þegar komið var inn í dalinn var gengið yfir trébrú yfir í hólma í ánni og að krossgötum. Börnin komu auga á fossa á hægri hönd og vildu fara þangað.



Mynd 1. Krossgötur

Þessi leið var nokkuð brött yfirferðar og grýtt. Öll börnin sýndu áhuga á að vaða í ánni. Sum náðu í steina og klaka til að kasta í ána og sum smökkuðu á klakanum. Önnur fundu trjágreinir og fóru að dýfa þeim í ána. Ein stúlka sagði eftir að hafa dýft höndunum ofan í vatnið „ég snerti fossinn með höndunum“. Önnur stúlka stóð á stórum steini, hélt jafnvægi og kallaði: „sjáðu mig“ og ég svaraði henni: „þú ert dugleg að halda jafnvægi“.

Stúlka var að skoða eitthvað í ánni og þegar hún var spurð hvort hún hefði séð fisk svaraði hún „Já hann var svona silfur og gull“. Ein stúlka fór aðeins frá hópnum upp á hól. Aðspurð hvað hún hafi verið að gera sagði hún: „ég sá einn lítinn poll og ég varð ekkert blaut“. Einn drengur sat á árbakkanum og dinglaði fótunum. Eitt barnið sagði eftir að það var búið að henda klaka í ána: „klakinn sökk“ og gaf þá skýringu á því hvers vegna hann hafi sokkið: „af því ég henti honum ótrúlega langt“.



Mynd 2. Skynjun



Mynd 3. Bragð

Eftir góða stund við ána var farið í svonefndan Indíanahelli að borða nesti. Þau sögðu að hann hétí Indíanahellir „af því að indíánar eiga heima hérna“. Aðspurð hvort þau héldu að einhver ætti heima í Indíanahelli svaraði ein stúlka „já, indíánar, því ég sé

bréfpoka herna“ Einn drengur var með aðra skýringu á þessu og sagði: „*unglingar sem eru að stríða*“.

Þegar börnin voru búin með nestið og skoða sig um fengu þau plastpoka til að safna í einhverju áhugaverðu sem þau fyndu. Nokkur þeirra voru þegar komin með eitthvað í hendina, svo sem trjágreinir, strá og steina.



Mynd 4. Í indíánahelli

Fyrir ofan hellinn eru klettur og þangað upp vildu börnin fara. Ég þorði ekki að leyfa þeim það því kletturinn er mjög hár. Ein stúlkan var mjög ósátt við að mega ekki fara upp á klettinn og var starfsmaður leikskólans góða stund að fá hana ofan af því. Á meðan biðu hinir í hópnum á göngustíg og þar braut ein stúlkan óviljandi trjágrein af tré. Á annarri trjágrein sást eitthvað ljósgrænt og börnin voru sammála um að það væri laufblað. Þá sagði stúlkan sem hélt á brotnu trjágreininni „*það er líka svona á minni grein*“. Það var því ákveðið að taka greinina með í leikskólann og reyna að halda í henni lífi. Börnin sögðu að til þess að hún gæti lifað þyrfti hún vatn og mold. Síðan var lagt af stað í leikskólann. Á leiðinni til baka vakti ýmislegt áhuga þeirra s.s. steypurör og „*pakki utan af plástri*“ sem var í raun sígarettupakki.

Þegar var komið í leikskólann voru börnin spurð hvernig þeim fannst ferðin og hvað þeim þótti skemmtilegast. Hér koma dæmi um svör barnanna:

„*Þegar ég náði stærsta klakanum og borðaði hann allan í einu*“.

„*Gaman, ég fann bara hnetu*“.

„*Ég sá lítinn kettling að leita að mömmu sinni*“.

„*Ég sá stein og klaka, það var spennandi að henda steinum*“.

„*Gaman að skoða fossinn*“.

„*Gaman að skoða fossinn og klifra á steinunum*“.

„*Að fara í hellinn, vaða í ánni*“.

Þegar þau voru spurð um hvort þau höfðu séð einhver dýr í ferðinni svöruðu þau:

„*Ég sá bara gæsir*“.

„*Ég sá svan*“.

„*Ég sá svan fyrir utan steininn, þú sást hann ekki*“.

Eftir hádegi sama dag hittu ég börnin aftur úti í garði. Stúlkan sem braut greinina af trénu kom með hana út og rætt var um hvað greinar þyrftu að hafa til að lifa. Börnin svöruðu „*vatn og mold*“. Þau voru spurð hvort greinin ætti frekar að vera úti eða inni og flest börnin vildu hafa hana inni. Börnin voru spurð hvar hægt væri að fá mold og nokkur barnanna stungu upp á að taka mold hjá hinum trjánum. Ég benti þeim á að það væri ekki æskilegt, því trén þyrftu á moldinni að halda og stakk upp á að ná í mold úr kartöflugarðinum, sem börnin voru síðan aðstoðuð við að gera. Önnur stúlka sagði að hún væri líka með trjágrein sem hún fann í Indíánahelli sem hún vildi gróðursetja og hópurinn samþykkti það. Greinin hennar var öðruvísi en hin greinin og voru börnin spurð hvort þau vissu af hverju það væri. Þau sögðu að það væri vegna þess að það væri búið að tálga hana. Börnin hjálpuðust síðan að við að setja greinarnar í moldina og vökva.



Mynd 5. Greinarnar gróðursettar

Börnin teiknuðu síðan mynd úr ferðinni. Hér koma dæmi um það sem börnin sögðu þegar þau voru spurð um myndirnar:

„*Þetta er pokinn sem sprakk, þetta er fimm (tölustafurinn 5) og annað fimm*“.

„*Þetta er ég, þetta er vatnið, þetta er hellirinn, þetta er ég að hoppa í vatninu*“.

„*Þetta er tré sem ég sá í skóginum, þetta risa sem ég sá, þetta eru blómin sem við erum að rækta í dag, hér er brúin, þessi brú og þessi brú*“.

„*Hér er fossurinn*“.

Önnur ferð

Í undirbúningi fyrir ferðina voru börnin spurð hvað væri efst í huga þeirra eftir síðustu ferð í Elliðaárdalinn. Svipuð svör komu fram og í úrvinnslu úr þeirri ferð, s.s. „*Vaða í ánni, borða klakann, fara í hellinn*“. Síðan var það sem eftir var af bókinni lesið fyrir þau og fjallaði sá hluti um álfastein. Tvö börnin fullyrtu að þau hefðu séð steininn í bókinni í Elliðaárdalnum. Umræður sköpuðust um það hvort það væru til álfar. Ein stúlkan sagði að pabbi sinn segði að það væru litlir álfar sem gætu tekið hana ef hún færi ekki snemma að sofa í sumarbústaðnum. Hún sagði að pabbi sinn segði þetta bara svo hún færi snemma að sofa, álfarnir gætu ekki tekið hana. En hún sagðist samt fara snemma að sofa.

Börnin vökvuðu trjágreinarnar og síðan var haldið af stað í dalinn.

Þegar hópurinn var kominn yfir trébrúna að krossgötunum var haldið beint áfram. Komið var að trjából sem búið var að saga. Ein stúlkan sagði stolt á svipinn: „*Þetta tré sagaði pabbi minn*“. Rætt var um af hverju væri verið að grisja skóginn og fram kom ein tilgáta: „*svo hin trén fái pláss*“. Einnig sáu börnin skýli sem gert var úr trjágreinum sem hafði verið raðað saman og sögðu börnin að þetta væru indíánahús. Síðan var komið að opnu svæði með bekkjum, brekku og stíg upp hæðina. Þarna skapaðist mikill leikur hjá börnunum. Þau fóru í hlutverkaleiki, ein stúlkan fann t.d. trjágrein og fór að veiða. Nokkur börn renndu sér niður brekkuna. Einn drengurinn sagði eftir að hafa horft í kringum sig: „*Ég sé ekkert eins og í gamla daga*“.



Mynd 6. Veiðimenn

Nestið var borðað upp á hæðinni og síðan var gengið áfram þar til komið var að ánni, nokkuð ofar. Þarna var önnur brú yfir ána sem við gengum yfir. Tvær stúlkur lögðust á bakið á árbakkanum við brúna og lokuðu augunum. Aðspurðar um hvað þær væru að gera sagði önnur þeirra: „*Ég var að hlusta á ána*“.

Þegar lagt var af stað til baka í leikskólann komu börnin auga á spjöld sem hingu í trjánnum. Á þeim voru ljóð merkt Vetrarhátíð og Borgarbókasafni. Fyrstu ljóðin voru lesin upp fyrir börnin og þau hlustuðu um stund, en síðan virtist það verða meira spennandi að vera fyrstur að finna næsta ljóð. Heimferðin gekk vel. Ein stúlkan fann vettling og setti hann á næsta stóra stein svo eigandinn gæti fundið hann. Henni var hrósað fyrir hvað hún væri tillitssöm.

Börnin teiknuðu myndir eftir ferðina. Prentaðar voru út fjórar ljósmyndir úr ferðinni og var ein þeirra af ljóði. Þrjú börn fóru að skrifa stafina sem mynduðu

ljóðið. Dæmi um það sem þau sögðu um myndirnar sínar: „*Hér er ég að renna, hér er ég að ganga, hér er ég í skóginum, hér er ég hjá hinni brúnni*”.

Það sem þau sögðu að þeim hafi þótt skemmtilegt í ferðinni var að ganga upp tröppurnar og eitt barnið sagði: „*Renna mér niður, ég ætla að gera það aftur.*“

Þriðja ferð

Í undirbúningi fyrir þriðju ferðina byrjuðu börnin á því að vökva trjágreinarnar og tóku eftir því að í moldinni var eitthvað grænt farið að vaxa. Þau sögðu að það hefðu vaxið laufblöð í moldinni, en engin laufblöð höfðu vaxið á trjágreinunum. Myndirnar úr bókinni Elliðaárdalur voru skoðaðar og nokkrar umræður spunnust í kringum það. Síðan var lagt af stað í vettvangsferð. Áður en komið var að trébrúnni var hæð og sást þaðan vel yfir Elliðaárdalinn. Börnin voru spurð hvað þau sæju mörg hús og hvort að eins væri umhorfs nú og í gamla daga. Í bókinni er mynd af þremur húsum og börnin sögðu að það væru fleiri hús núna en í bókinni.

Þegar var komið yfir trébrúna og að krossgötunum beygðum við til vinstri. Gengið var eftir göngustíg og fljótlega komu börnin auga á spjald með fuglamyndum á. Fuglaspjaldið var skoðað og þær fuglategundir sem börnin sögðust þekkja voru ugla og hrossagaukur. Gengið var aðeins áfram þar til komið var að litlum læk og börnin fóru að stinga trjágreinum ofaní vatnið í læknum.



Mynd 7. Lækurinn

Ein stúlkan steig ofan í lækinn og náði vatnið henni upp yfir hné. Henni brá og hún hljóðaði upp, en komst strax upp úr. Það varð mikið uppþot í hópnum og börnin hrópuðu „*Ella drukknaði*“. Stúlkan fór að hágráta og fékk hún huggun, vatninu var

hellu úr stígvélunum og hún klædd í þurra vettlinga á fætuna í staðinn fyrir sokka. Starfsmaðurinn sem var með í för, fór síðan með hana til baka í leikskólann. Ein stúlkan fullyrtaði að einhver hefði sett „*þetta brúna oní lækinn til að plata einhvern að lækurinn væri ekki svona djúpur*“.

Síðan héldum við sem eftir vorum för okkar áfram og fórum af göngustígnum og inn í skóginn. Þar var sest á stóran trjából og nestið borðað. Þarna skapaðist róleg stund. Stúlkurnar fundu trjábúta sem þær notuðu sem hljóðfæri; blokkflautu og panflautu. Einnig gerðu þær sér trommu úr stórum afskornum trjából. Drengirnir fundu afsagaða trjáboli og röðuðu þeim hvern ofan á annan. Ein stúlka leit upp og horfði á trjátoppa og sá þá hreyfast í vindinum og sagði: „*Trén eru að dansa í rokinu*“. Eftir nestisstundina var aftur haldið af stað í leikskólann. Ein stúlkan hélt á stóra trjábólnum (trommunni) á leiðinni til baka og var orðin dálítið þreytt. Þegar hún var spurð hvort hún væri orðin þreytt þá bauðst einn drengurinn til að halda á bolnum fyrir hana og hélt á honum alla leið í skólann.

Úrvinnslustundin eftir hádegið byrjaði úti í garði leikskólans þar sem ég spurði börnin hvort þau vildu finna trjágrein til að setja í vatn og athuga hvort komi laufblöð á hana. Börnunum leist vel á það og fundu grein sem passaði ofan í tómatósufloösku sem við vorum með. Hópurinn fór síðan inn og setti vatn í floöskuna og greinina þar í. Börnin vökvuðu einnig greinarnar sem voru í moldinni. Greinarnar í moldinni og greinin í vatninu voru síðan settar í gluggakistu hlið við hlið.

Hvert barnanna teiknaði síðan mynd úr ferðinni og lýsing þeirra á myndunum voru á þennan hátt;

„*Hér er fugl, hérna eru fætunir*“.

„*Banani*“ (það var banani í nesti).

„*Áin, brúin*“.

Stúlkan sem óð í læknum sagði: „*Hér er ég glöð og hér er ég leið, hér eru vínber sem ég sá*“.

Fjórða ferð

Í undirbúningi fyrir fjórðu ferðina var aftur lesinn sá hluti af bókinni þar sem álfasteinninn kemur við sögu og var börnunum sagt frá því að fólkid sem átti húsið og garðinn þar sem steinninn var, væru Gyða (höfundur sögunnar) og maðurinn hennar. Núna á dóttir þeirra heima í húsinu og var börnunum sagt frá því að búið væri að fá leyfi hjá henni að skoða steininn og vera í garðinum við húsið. Myndirnar í bókinni voru einnig skoðaðar aftur og spáð í hvað þau hefðu séð í Elliðaárdalnum og hvort það væri eins núna og í gamla daga.

Börnin fengu það verkefni að hjálpa til við að finna steininn. „*Við vitum ekki hvar hann er*“ sagði eitt barnið. Ein stúlkan lagði til að við tækjum bókina með svo við gætum séð hvað hann væri stór.

Við leikskólann er steinn og voru börnin spurð hvort þetta gæti verið steinninn. Þau svöruðu neitandi. Þau voru þá spurð hvort þetta gæti verið álfasteinn og svöruðu þau því neitandi því hann væri of lítill. Þau voru spurð að því sama varðandi annan stein sem hópurinn rakst á á leiðinni, en þau sögðu að hann gæti ekki verið álfasteinninn, því það væri ekkert hús við hliðina á honum. Á leiðinni sagði ein stúlkan að hópurinn hefði ekki farið niður í Elliðaárdal þegar það væri snjór, en í þessari ferð var fyrsta sinn snjór yfir öllu.



Mynd 8. Steininn og bókin

Stuttu síðar var hópurinn kominn að garðinum þar sem álfasteinninn er og var staðnæmst þar. Þrjú börn horfðu á steininn og sögðu: „*Þetta er steinninn*“ og æddu inn í garðinn. Nokkur börn voru ekki alveg sannfærð um að þetta væri steinninn og

sögðu; „*Hann er ekki svona langur*“. Ég bað einn drenginn að standa þar sem sjónarhornið var það sama og á máluðu myndinni. Þá sást að steinarnir voru næstum því eins og samþykktu öll börnin að þetta væri rétti steinninn.

Öll börnin skoðuðu steininn og ein stúlkan faðmaði hann að sér. Börnin voru ekki sammála um hvort það byggju ennþá álfar í steininum eins og í sögunni þegar þau voru spurð að því. Ein stúlkan sagði að það hafi ekki búið álfar í steininum og benti á litla ljósakastara sem voru á jörðinni, og lýsti einn þeirra upp steininn. Stúlkan sagði: „*Nei, ég held að ljósið hafi gert þetta*“. Þegar hún var spurð hvort það hafi verið til svona ljós í gamla daga svaraði hún neitandi. Stúlkan var spurð hvaða ljós konan í bókinni hafi séð og svaraði stúlkan á þá leið að það hafi verið vasaljós. Önnur stúlka sem var búin að skoða steininn sagði „*Ég sá silfurljós, tvö, það eru álfar inn í þessu*“ og enn önnur stúlka bætti við: „*Já, ég sá það, ég sá vængi*“. Þegar þau voru spurð hvort álfar hefðu vængi voru sum börnin sammála því, önnur ekki. Einn drengur sagðist hafa séð álfa heima hjá sér.



Mynd 9. Gestaboð 40 árum síðar

Starfsmaður leikskólans, sem var með í för, byrjaði að búa til snjókarl og börnin tóku þátt í því. Börnin voru spurð hvort þau myndu eftir því hvernig börn í gamla daga hafi leikið sér og lýst var í bókinni. Þau sögðu að börnin í bókinni hafi verið með dót og var rifjað upp með þeim að þau hefðu verið með gestaboð. „*Já og snjókarlinn er gesturinn,*“ sagði eitt barnið og allir náðu sér í plastdisk og plastglas sem var meðferðis í bakpokanum. Börnin settu eplabita á diskana og snjó í glösin. Sum börnin sátu við steininn, en önnur settust hjá „*gestinum*“ og borðuðu epli. Þarna gáfu börnin sig hlutverkaleiknum á vald. Sum þeirra gáfu gestinum að borða og settu á hann ýmsa

hatta og notuðu til þess plastdiska og plastglös. Sumir bjuggu til snjóengla, með því að leggjast á bakið í snjóinn og baða út höndum og færa fótleggina sundur og saman.

Í úrvinnslunni eftir hádegið sama dag voru börnin spurð hvernig þeim hafi þótt ferðin. Hér eru nokkur svör frá þeim:

„Ekkert gaman, mér var kalt á tásunum“.

„Smá leiðinlegt, ég datt á snjóinn“.

„Skemmtilegt, að borða og drekka“.

„Gaman því við vorum öll saman“.


„Gera engil og magaengil“.

Börnin skoðuðu síðan greinarnar sínar sem voru í mold og vatni og voru þau spurð hvort eitthvað hefði breyst. Börnin voru viss um að greinarnar höfðu stækkað. Þeim var bent á arfa sem hafði vaxið í moldinni og þau spurð hvað þetta væri, voru þau sammála um að þetta væru rætur. Börnunum var bent á brum á greininni sem var í vatninu og sögðu þau að þetta væri eins og litlir könglar.

Ein stúlkan sagði *„Þetta er kúla þar sem laufblöðin eru inni“*.

Önnur stúlka sagði *„Laufblöðin eru lítil og svo stækka þau og svo stækka þau og svo springa þau út“*. Börnin voru spurð af hverju það væru að vaxa laufblöð á greinina sem var í vatninu en ekki á greinarnar sem voru í moldinni. Svárið var: *„Það vantar meira vatn í moldina“*.

Þau voru beðin að bæta einhverju á vefinn, það sem bættist við voru þessi orð; *steinn, bekkur, skógur, bátur, hellir og klaki*.



Mynd 10. Vefurinn

Börnin fengu blöð og tússliti til að gera bók. Þau fengu frjálssar hendur með hvað væri í bókunum. Flestir gerðu myndir sem tengdust verkefninu. Tvö barnanna skrifuðu „Elliðaárdalur“ á kápu bókar sinnar. Einn drengurinn bað mig að skrifa að hann væri höfundurinn. Mörg börnin skrifuðu tölustafi inn í bókina til að sýna blaðsíðutal. Börnin fengu síðan aðstoð við að skrifa texta við myndirnar sem þau gerðu í bækurnar.



Mynd 11. Bókagerð

Hér á eftir eru nefnd dæmi um texta í bókum barnanna:

„Ég er að fara að sofa. Heima hjá mér er kastali. Allt út í kafi í snjó. Þetta er álfasteinninn. Þetta er húsið sem við förum að leika okkur“.

„Það var einu sinni röndóttur steinn sem sá allt sem allir sáu úti í garði sem er úti hjá girðingunni. Þetta er kóngurinn sem átti steininn. Þetta er sonurinn. Hér er steinn með gati til að álfarnir komist inni“.

„Elliðaárdalur. Þetta er grasið niðri Elliðaárdalnum. Þarna eru stafir á hvolfi, bara með punktum á. Þetta er geimvera inni steininum. Þetta er hjól sem litlu börnin voru að leika sér með. Ef við sjáum geimveru inn í steininum þá mun hún örugglega sjá ykkur“.

„Óskasteininn 2002. Þetta er óskasteinninn. Þetta er róló steinninn, þetta er búið. Þetta er ljós, þetta er ljós. Þetta eru tröppurnar“.

„Elliðaárdalur. Einu sinni var brú og skógur. Það var eitt tré fyrir framan brúna. Það var mikið gras. Það var verið að saga tré. Endir“.

„Óskasteinn. 200.0000.005 er steinninn gamall. Sóllilja var dugleg að gera eins og Vala sagði“.

Umræða

Í þessari ritgerð hefur verið sagt frá rannsókn þar sem var skoðað hvernig hægt væri að nota söguna *Ellidaárdalur* til að kenna börnum á umhverfi sitt og skoðað sérstaklega gróðurfar, dýralíf, hvernig umhorfs var í gamla daga og tengt við íslenska sagnahefð um álfa.

Í upphafi verkefnisins voru hugmyndir barnanna um Elliðaárdalinn skáðar í þekkingarvef. Meðal annars töluðu börnin um að það væru mörg hús og búðir í dalnum. Í þriðju vettvangsferðinni var rætt við börnin um hvað það hefðu verið mörg hús í gamla daga og hvað hefðu verið mörg hús í bókinni. Börnin voru beðin um að skoða hvað húsinn væru mörg núna. Börnin komust að því að það væru fleiri hús núna en í bókinni. Þarna fór fram samræða og með samræðu við einhvern reynslumeiri öðluðust börnin þekkingu sem er í samræmi við kenningu Vygotsky um leið til aukins þroska (Berk og Winsler, 1995:100-101). Slíkar samræður urðu oft í ferðunum eins og hér kemur fram.

Notkun bókarinnar var góð leið til að kynna börnunum íslenska sagnahefð um álfa og álfatrú á jákvæðan hátt. Börnin voru fengin til að finna álfasteininn og var myndin af álfasteininum í bókinni notuð sem leiðarvísir til að finna hann. Þegar komið var að steininum var rætt hvort í steininum gætu búið álfar. Börnin fengu því tækifæri til að nota ímyndunaraflíð og sjá fyrir sér hvort að í steininum gætu búið álfar eða ekki. Ein stúlkan sagðist hafa séð silfurljós og sagði að það væru álfar inn í steininum. Við það sköpuðust miklar umræður um hvort álfar væru í steininum. Einnig var rökrætt um hvort ljósið sem konan í bókinni sá hafi verið frá ljóskastaranum sem lýsti á steininn eða ekki.

Við lestur bókarinnar í undirbúningi annarrar vettvangsferðar skapaðist umræða um hvort það væru til álfar. Sagnahefðin um álfa lifir enn því ein stúlkan sagði að pabbi sinn segði að ef hún færi ekki snemma að sofa í sumarbústaðnum þá kæmu álfar og tækju hana.

Efni sögunnar nýttist vel þegar álfasteinninn var heimsóttur. Þegar börnin voru búin að skoða steininn og leika sér, voru þau spurð hvernig börnin í bókinni höfðu leikið sér við steininn. Börnin mundu eftir því að þau höfðu notað eitthvað dót. Það var rifjað upp með þeim að börnin í sögunni höfðu oft verið með gestaboð við

álfasteinin. Börnin fengu því plastdiska og plastbolla. Þarna fengu þau að fara í sama leikinn og börnin í bókinni höfðu gert.

Í ferðunum var athygli barnanna beint að gróðrinum og hvernig gróðurinn hafi verið í bókinni. Þegar börnin gerðu bækurnar sínar kom t.d. fram áhugi á gróðri hjá einu barninu. Þá ályktun dreg ég vegna þess að hann lét skrifa eftirfarandi í bókina sína: „*Ellidaárdalur. Einu sinni var brú og skógur. Það var eitt tré fyrir framan brúna. Það var mikið gras. Það var verið að saga tré. Endir*“. Þarna byggir barnið á reynslu sinni úr ferðum sínum í Elliðaárdalinn.

Einnig var rætt við börnin um hvaða dýr hafi verið í bókinni og þau beðin um að fylgjast með hvort þau sæju dýr í dalnum. Börnin sýndu fuglum áhuga og eftirtekt í ferðunum. Þegar þau voru spurð eftir fyrstu ferðina hvort þau höfðu séð einhver dýr sögðust nokkur börn hafa séð svan og gæsir. Það sást reyndar til gæsa í ferðinni, en ekki sást svanur. Í bókinni segir frá svönum sem hændust að þeim sem gáfu þeim að éta og ég dreg þá ályktun að þess vegna hafi þau sagst hafa séð svan.

Í annarri ferðinni var einn drengurinn greinilega að gera samanburð í huganum á hvernig hefði verið umhorfs í gamla daga og núna, þegar hann sagði: „*Ég sé ekkert eins og í gamla daga*“. Börnin voru áhugasöm um ýmislegt í verkefninu. Í fyrstu ferðinni sýndu þau áhuga á að vaða í ánni. Þar fengu þau að uppgötva og rannsaka á eigin forsendum. Þau gengu ofan á steinunum sem voru í ánni, köstuðu litlum steinum og klökum í ána, borðuðu klaka og dýfðu trjágreinum í ána. Í annarri og þriðju ferð voru börnin hugmyndaþrik að finna hluti í náttúrunni til ýmissa leikja s.s. búa til hljóðfæri úr trjábútum, raða trjábútum ofan á hvorn annan og nota trjágrein fyrir veiðistöng. Í fjórðu ferðinni sýndu þau mikinn áhuga á álfasteininum. Að fá þau til að finna steininn vakti áhuga þeirra og voru þau mjög virk í því. Þau notuðu ímyndunaraflíð þegar rætt var um álfa og hvort að það væru álfar í steininum. Börnin fóru í hlutverkaleiki og fengu að leika frjálst.

Þegar samskipti og umræða á sér stað dýpkar það skilning barnanna á því sem þau eru að uppgötva samkvæmt kenningum Vygotskys (Berk og Winsler, 1995:100-101). Í fyrstu ferðinni bað ein stúlkan mig að horfa á sig þegar hún stóð upp á steini, hún virtist ánægð með sig þar sem hún sýndi góða færni í að standa uppi á steininum. Henni var sagt að hún væri dugleg að halda jafnvægi. Þarna fór fram samskipti um það sem stúlkan var að læra og hún ætti því að vera meðvitaðri um eigin getu.

Annað dæmi um hvað börnin lærðu er umræðan sem átti sér stað um tilraunina með greinarnar. Í upphafi þegar við gróðursettum fyrstu greinina sögðu börnin að það

þyrfti mold og vatn til að hún gæti lifað. Í úrvinnslu eftir fjórðu ferð tókum við eftir því að laufblöðin á greininni sem var í vatninu voru að springa út en ekki á greinunum sem voru í moldinni. Þannig að hugmynd þeirra gekk ekki upp. En þegar þau voru spurð af hverju laufblöð springi bara út á greinininni í vatninu en ekki á greinunum sem voru í moldinni voru þau fljót að svara; „*Það vantar meira vatn í moldina*”. Það má einnig segja að börnin hafi þarna lært af reynslunni samkvæmt kenningu Piagets (Indriði Gíslason og Ingibjörg Ýr Pálmadóttir, 1983:180-184) og höfðu aðlagð hugmyndir sínar að nýjum upplýsingum og breytt hugmyndum sínum – þau höfðu lært að vatnið skipti þarna meira máli en moldin.

Áhugi og næmni fyrir umhverfinu kom fram hjá einni stúlkunni í fjórðu ferðinni. Þá sagði hún að við hefðum ekki farið niður í Elliðaárdal þegar það væri snjór. Þarna er stúlkan að sýna áhuga á því að fara niður í Elliðaárdal, þar sem það var snjór yfir öllu þegar hún sagði þetta. Upplifun hennar af ferðunum hlýtur að vera jákvæð. Stúlkan byggir á fyrri reynslu og sér fyrir sér að það hljóti að vera öðruvísi umhorfs þegar snjór er yfir öllu. Það er eins og þegar Piaget talar um samlögun og aðhæfingu (Indriði Gíslason og Ingibjörg Ýr Pálmadóttir, 1983:180-184), stúlkan aðlagar fyrri hugmyndir sínar um hvernig gæti verið umhorfs í Elliðaárdal. Stúlkan er meðvituð um umhverfi sitt og samkvæmt kenningu Gardners má ætla að stúlkan hafi góða umhvefsgreind (Armstrong, 2000:13-19).

Samkvæmt könnunaraðferðinni var í upphafi skráð á þekkingarvef hvaða hugmyndir börnin höfðu um Elliðaárdalinn. Í úrvinnslu eftir síðustu vettvangsferðina höfðu bæst við nokkur atriði. Þar af leiðandi er hægt að draga þá ályktun að þekkingin hafi aukist við að fara í vettvangsferðirnar.

Eftir vettvangsferðirnar tjáðu börnin upplifun sína í gegnum teikningar og frásagnir. Þegar börnin voru beðin um að tjá sig munnlega var það tekið upp á upptökutæki. Þær aðstæður geta haft áhrif á viðbrögð barnanna, þau geta orðið áhugasamari en ella við að fá svona athygli. Flest börnin virtust ekki upptekin af tækinu, nokkrum fannst tækið spennandi og vildu heyra í sér þegar þau voru búin að tala. En ein stúlkan vildi lítið tjá sig þegar hún sá upptökutækið.

Það var lítil svörun á viðhorfskönnun til foreldra sem send var með tölvupósti. Svar kom einungis frá einu foreldri, en í því svari og eins í óformlegu spjalli við foreldra kom fram áhugi þeirra á verkefninu. Í einu tilviki þar sem foreldrum var sagt frá því sem barnið þeirra gerði í verkefninu gat foreldri sagt frá atviki heima við sem hægt var að tengja við verkefnið. Dewey talaði um að þegar foreldrar vita hvað börn

þeirra hafa upplifað þá hafi upplifunin meira gildi fyrir börnin (Dewey, 2000:108). Mikilvægi þess að ræða við foreldra um það sem börnin eru að upplifa hverju sinni er án efa mikið, bæði gefur það tilefni til að ræða upplifunina betur og vinna þannig betur úr henni og einnig að foreldrar gætu ýtt undir að börnin haldi áfram með eitthvað heima eins og stúlkan gerði sem var að hlusta á hljóð í umhverfinu. Vygotsky benti á að þegar félagslega umhverfi barnsins er virkt og barnið er virkt ýtir það undir þroska (Berk og Winsler, 1995:100-101). Í þessu dæmi kemur það fram að foreldri og leikskólinn eru virkir og ýta undir virkni barnsins.

Samkvæmt könnunaraðferðinni (Chard og Katz, 1990:84-85) er síðasti þátturinn í aðferðinni að gera verk barnanna sýnileg. Verkin voru sýnd á opnu húsi leikskólans í apríl síðast liðinn. Þekkingarvefurinn var hengdur upp, teikningar eftir börnin og ljósmyndir. Bækurnar sem börnin gerðu voru einnig til sýnis. Verkefninu var lýst stuttlega í texta og tekin dæmi um það sem börnin sögðu. Að sýna fjölskyldu sinni það sem börnin voru að gera og uppgötva, hafði mikið gildi fyrir börnin og nám þeirra.

Að nota söguna Elliðaárdalur er ákjósanleg leið til að kenna börnum um umhverfi sitt. Sjónum barnanna er beint að gróðrinum, dýralífi, hvernig var umhorfs í gamla daga og veitir þeim einnig innsýn í íslenska sagnahefð um álfa.

Lokaorð

Í þessari ritgerð var sagt frá rannsókn á því hvernig nýta mætti bókinn *Ellidaárdalur* til að kynna börnum umhverfi sitt. Í ljós kom að vel gekk að nota efni sögunar til að ýta undir að börn að skoðuðu og rannsökuðu náttúruna. Efni sögunnar bauð upp á margar leiðir til þess að ræða um náttúruna, umhverfið og Ellidaárdalinn.

Börnin skoðuðu náttúruna og eftir lestur bókarinnar varð ýmislegt í umhverfinu meira spennandi. Til að mynda varð mun meira spennandi að fara að skoða steininn þar sem ef til vill bjuggu álfar sem opnaði marga möguleika til að ræða um álfa og huldufólk. Tengingin við „gamla tímann“ lifnaði við með hjálp sögunnar. Það hefur verið fróðlegt að vinna í þessari náttúruvin í miðri borginni, svæði þar sem allt iðar af lífi, miklu lífi sem er nær okkur en margur áttar sig á.

Við þessa vinnu hafa kviknað fleiri hugmyndir að verkefnum s.s. að nota áttavita og landakort af dalnum eða yfirlitsmyndir í ferðunum þar sem myndir úr bókinni væru á viðeigandi stöðum. Eftir að hafa lesið bókina undirbúa börnin sig fyrir ferðina og skoða kortið og með hjálp þess og áttavita mætti finna þann stað í ferðinni.

Þessi athugun sem hér er lýst er ekki þess eðlis að álykta megum að niðurstöður hennar eigi við um önnur börn en vissulega gefur hún vísbendingar um að þær aðferðir sem notaðar voru kenni börnum ýmislegt um umhverfi sitt. Það má því mæla með því við aðra leikskólakennara, sérstaklega þá sem starfa í nágrenni Ellidaárdalsins að nýta sér þessa bók og styðjast við þær aðferðir sem notaðar voru í þessu verkefni. Eins má hvetja kennara til að prófa fleiri leiðir til að kynna börnum umhverfi sitt með hjálp bókarinnar svo sem þær sem nefndar eru hér að ofan.

Heimildaskrá

Aðalnámskrá leikskóla. 1999. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.

Armstrong, T. 2001. *Fjölgreindir í kennslustofunni*. (Erla Kristjánsdóttir þýddi og staðfærði). Reykjavík, JPV.

Arna H. Jónsdóttir. 2004. „Það þarf að hlúa að sálum” Gyða Sigvaldadóttir fyrrverandi leikskólastjóri. Í Börkur Hansen, Jóhanna Einarsdóttir og Ólafur H. Jóhannsson (Ritstj.). *Brautryðjendur í uppeldis- og menntamálum*. Reykjavík, Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson. 1998. *Ellíðaárdalur, Land og saga*. Reykjavík, Mál og mynd.

Berk, Laura E. og Adam Winsler. 1995. *Scaffolding Children's Learning: Vygotsky and Early Childhood Education*. Washington, National Association for the Education of Young Children.

Brown, B. 2002. *Unlearning discrimination in the early years*. Staffordshire, Trentham Books.

Charles, C.M. 1981. *Litla Piaget kverið*. (Jóhanns S. Hannesson þýddi). Reykjavík, Námsgagnastofnun.

Dewey, John. 2000. *Hugsun og menntun*. (Gunnar Ragnarsson þýddi). Reykjavík, Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Indriði Gíslason og Ingibjörg Ýr Pálmadóttir. 1983. *Uppeldi og skólastarf, Úr fórum skólanna*. Reykjavík, Ritroð Kennaraháskóla Íslands og Iðunnar.

Jón Árnason. 1993. *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*. Reykjavík, Bókaútgáfan Þjóðsaga.

Meyvant Þórólfsson. 2003. *Tími, rúm og orsakasamband, Nám sem félagsleg hugsmíði*. Sótt af vef 11. apríl 2007 <http://netla.khi.is/greinar/2003/001/index.htm>

Ólína Þorvarðardóttir. 1995. *Íslenskar þjóðsögur: Álfar og tröll*. Reykjavík, Bóka- og blaðaútgáfan.

S. C. Chard og L. G. Katz. 1989. *Engaging Children's Minds: The Project Approach*. Norwood, NJ. Ablex.

Sigurjón Björnsson. 1992. *Formgerðir vitsmunalífsins. Kenningar Jean Piagets um vitsmunabroskann*. Reykjavík, Hið íslenska bókmenntafélag.

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1

Reykjavík febrúar 2007

Kæri leikskólastjóri.

Ég, Valgerður Jóna Oddsdóttir, er nemandi í Viðbótarnámi til B.Ed.- prófs í Kennaraháskóla Íslands. Næstu 2 mánuði ætla ég að gera lokaverkefni um útikennslu með börnum. Ég ætla að styðjast við sögu eftir Gyðu Sigvaldadóttur sem ég myndskreytti.

Börnin munu fara í vettvangsferðir í Elliðaárdalinn, gera þar ýmis verkefni og verkefni verða unnin í leikskólanum.

Unnið er í anda könnunaraðferðarinnar og þemavinnu, hugmyndir barnanna munu látin að mestu ráða ferðinni.

Hér með leita ég eftir leyfi frá þér til að taka myndir af börnunum og gera skráningu á þeirra hugmyndum og verkum.

Ef leyfi fæst mun ég óska eftir skriflegu leyfi frá foreldrum barnanna.

Með fyrirfram þökk.

Valgerður Jóna Oddsdóttir

undirskrift nema

undirskrift leikskólastjóra

Fylgiskjal 2

Reykjavík febrúar 2007

Kæru foreldrar.

Ég Valgerður Jóna Oddsdóttir er nemandi í Viðbótarnámi til B.Ed.- prófs í Kennaraháskóla Íslands. Næstu 2 mánuði ætla ég að gera lokaverkefni um útikennslu með börnum. Ég ætla að styðjast við sögu eftir Gyðu Sigvaldadóttur sem ég myndskreytti.

Börnin munu fara í vettvangsferðir í Elliðaárdalinn, gera þar ýmis verkefni og verkefni unnin í leikskólanum.

Unnið er í anda könnunaraðferðarinnar og þemavinnu og hugmyndir barnanna látin að mestu ráða ferðinni.

Hér með leita ég eftir leyfi frá ykkur foreldrum til að taka myndir af börnunum, gera skráningu á þeirra hugmyndum og verkum.

Með fyrirfram þökk.

Valgerður Jóna Oddsdóttir

Fylgiskjal 3

Reykjavík febrúar 2007

Ég undirrituð/undirritaður foreldri _____ samþykki að hún/hann taki
þátt í verkefni um Elliðaárdalinn. Nafn

undirskrift foreldris

Fylgiskjal 4

Viðhorfskönnun til foreldra sent í tölvupósti vikunni á eftir að verkefninu lauk.

Kæru foreldrar, hér kemur foreldrakönnunin.

- 1 Hefur barn þitt talað um verkefnið Elliðaárdalinn? Ef svo er hvað?
2. Hefur barn þitt talað um ferðirnar niður í Elliðaárdalinn á meðan verkefninu stóð? Ef svo er hvað?
3. Hefur barn þitt talað um ferðina að álfasteininum?
- 4 Hefur barn þitt talað um bókina Elliðaárdalinn?
5. Er eitthvað annað sem þú vilt taka fram?

Með fyrirfram þökk fyrir þátttökuna.

Kveðja Vala